




GRUNNENDURLÍFGUN (BLS) SKREF FYRIR SKREF

RÖÐ/AÐGERÐIR	LÝSING
<p>EF STUÐ ER EKKI RÁÐLAGT Halda áfram endurlífgun</p> 	<ul style="list-style-type: none">• Ef stuð er ekki ráðlagt, halda strax áfram endurlífgun og fylgja leiðbeiningum frá stuðtæki (AED)
<p>EF EKKERT STUÐTÆKI ER NÁLÆGT Halda áfram endurlífgun</p> 	<ul style="list-style-type: none">• Ef ekkert stuðtæki er nálægt, EÐA beðið er eftir að stuðtæki sé sótt, haldið áfram endurlífgun• Truflið ekki endurlífgun fyrr en:<ul style="list-style-type: none">• Heilbrigðisstarfsmaður segir þér að stöðva endurlífgun EÐA• Einstaklingurinn er auðsjáanlega að koma til meðvitundar, hreyfir sig, opnar auga, og andar eðlilega• EÐA• Þú örmagnast• Það er sjaldgæft að hnoð eitt og sér starti hjartanu. Haltu áfram hnoði nema þú sért viss um að einstaklingurinn sé að ná sér• Merki um að einstaklingurinn sé að ná sér<ul style="list-style-type: none">• Vaknar upp• Hreyfing• Opnar augu• Andar eðlilega
<p>EF MEÐVITUNARLAUS EN ANDAR EÐLILEGA Setja í hliðarlegu</p> 	<ul style="list-style-type: none">• Ef þú ert fullviss um að einstaklingurinn andi eðlilega en hann er enn meðvitundarlaus, settu hann í hliðarlegu SJÁ SKYNDIHJÁLPARHLUTA• Vertu viðbúin að hefja endurlífgun án tafar ef einstaklingurinn verður meðvitundarlaus, með óeðlilega eða enga öndun